

## Eitt ár á lífeyri fyrir hver tvö unnin ár

- Hve stóran hluta ævinnar mega 25 ára einstaklingar reikna með að fá að meðaltali lífeyri frá lífeyrissjóði sínum?
- Hvað hafa einstaklingar langan tíma til að byggja upp sjóð til að greiða eftirlaun?

Tilgangurinn með greiðslum í lífeyrissjóð er að byggja upp sparnað til að


1. greiða eftirlaun til æviloka þegar starfsævi lýkur,
2. greiða örorkulífeyri ef einstaklingar verða óvinnufærir vegna örorku
3. og styðja maka og börn við fráfall sjóðfélaga.

Eignir lífeyrissjóðanna eru byggðar upp með greiðslum frá launþegum og launagreiðendum. Launþegar greiða 4% launa sinna og launagreiðandi greiðir, samkvæmt kjarasamningum, mótframlag sem nemur 8% á almennum vinnumarkaði en 11,5% hjá opinberum starfsmönnum. Hvað er verkefni lífeyrissjóðanna stórt? Hve

stóran hluta ævinnar mega 25 ára einstaklingar að meðaltali reikna með að fá lífeyri frá lífeyrissjóðum sínum í formi eftirlauna eða örorkulífeyris?

Það er einstaklingsbundið hvað lífeyrisgreiðslur vara lengi. Ævi sumra er það stutt að þeir fá engan lífeyri. Aðrir eiga langa ævi og fá mun meira úr lífeyrissjóðum en þeir greiddu til þeirra. Flestir lifa hins vegar nálægt meðalævilengd, sumir aðeins lengur og aðrir skemur. Miðað við íslenskar lífs- og örorkulíkur munu lífeyrissjóðir greiða lífeyri að meðaltali um þriðjunginn af ævi fólks eftir 25 ára aldur, eða eitt ár fyrir hver tvö sem unnin eru. Við bætast svo greiðslur til maka og barna sjóðfélaga.

Hvaðan koma launatekjur fólks frá 25 ára aldri og til æviloka?



Myndin sýnir hóp 100 einstaklinga sem kemur á vinnumarkað 25 ára og vinnur til 67 ára aldurs.

**Bláa svæðið** sýnir þá sem eru starfandi á vinnumarkaði og greiða í lífeyrissjóð.

**Rauða svæðið** sýnir þá sem verða óvinnufærir á starfsævinni og fá örorkulífeyri. Eins og sjá má eykst örorkutíðnin með aldrinum.

**Græna svæðið** sýnir þá sem eru á eftirlaunum.

Við 67 ára aldur hefur fækkað um u.þ.b. 10% í hópnum og af hinum eru um 20% örorkulífeyrisþegar.


Meðalævilengd eru um 82 ár en eins og myndin sýnir lifir stór hluti hópsins lengur.

Meðalævi segir til um þann tíma sem hópur fólks lifir að meðaltali, hversu lengi meðalmaðurinn og konan eru starfandi, á örorkulífeyri eða eftirlaunum. Meðaltöl geta verið varasöm því ævi sumra getur verið verulega frábrugðin eins og dæmin sanna. Lífeyrissjóðir byggja útreikninga sína á meðaltölum og nota íslenskar lífs- og örorkulíkur til að reikna réttindi og skuldbindingar sjóðanna. Þannig reikna þeir hvað sjóðirnir þurfa að eiga í sjóði til standa við skuldbindingar um að greiða ævilang-

an ellilífeyri og áfallalífeyri (örorku-, maka- og barnalífeyri).

Meðalævi Íslendinga hefur lengst undanfarna áratugi. Sem dæmi um þetta má benda á að hópur sem kemur á vinnumarkað 25 ára núna má búast við að vera 2,4 árum lengur á eftirlaunum heldur en hópur sem hóf störf fyrir 20 árum. Þar sem lífeyrissjóðirnir greiða eftirlaun til æviloka aukast skuldbindingar sjóðanna þegar meðalævi lengist, ef eftirlaunaaldur er óbreyttur.

## Launatekjur og lífeyrisgreiðslur karla og kvenna frá 25 ára aldri



Myndin sýnir meðalævi kvenna og karla sem koma á vinnumarkað 25 ára og hvaðan tekjur þeirra koma.

Konur vinna að meðaltali í 37,6 ár, eru öryrkjar í 3,6 ár og njóta eftirlauna í 17,3 ár. Lífeyrisjóður greiðir konum að meðaltali lífeyri 36% af ævi þeirra eftir 25 ára aldur.

Karlar vinna að meðaltali í 38,4 ár, eru öryrkjar í 2,2 ár og njóta eftirlauna í 14 ár. Lífeyrisjóður greiðir körlunum að meðaltali lífeyri 30% af ævi þeirra eftir 25 ára aldur.

■ Launatekjur ■ Örorkulífeyrir  
■ Eftirlaun



Út frá meðaltölum má álykta að einstaklingur sem kemur á vinnumarkað 25 ára hafi að jafnaði tvö ár til að undirbúa eitt ár á lífeyri. Það er ekki langur tími og því er mikilvægt að gefa sér tíma til að skipuleggja eftirlaunasparnaðinn og gera ráðstafanir til að verja sig fyrir fjárhagslegum áföllum á starfsævinni.

- Fyrsta skrefið er að **safna upplýsingum** um væntanleg eftirlaun og meta hvert stefnir. Reiknaðu hvaða eftirlaunum þú mátt eiga von á miðað við óbreyttar greiðslur í lífeyrisjóð til starfsloka. Ef þú telur að núverandi sparnaður dugi ekki til að tryggja ásættanleg eftirlaun skaltu gera áætlun um viðbótarlífeyrisparnað og reglulegan sparnað til starfsloka til að hækka eftirlaunin.
- Farðu yfir annan sparnað og eignir og gerðu áætlun um hvaða hluta eignanna er hægt að ganga á og nota til að bæta við eftirlaunin.
- Þekktu hvernig þú ert tryggður vegna **örorku** og skoðaðu hvort þú þurfir meiri tryggingar. Kynntu þér hvaða réttindi þú átt í lífeyrisjóðum og bætur persónutrygginga sem þú hefur keypt eða nýtur með öðrum hætti.
- Kannaðu hvaða **maka- og barnalífeyri** aðstandendur þínir fá greiddan frá þeim lífeyrisjóðum sem þú hefur greitt í ef þú fellur frá. Kauptu líftryggingu ef þú telur að maka- og barnalífeyrir dugi ekki.

Lífeyrisjóðir greiða megnið af eftirlaunum landsmanna eftir að vinnu lýkur og áfallalífeyri á starfsævinni ef einstaklingar verða óvinnufærir eða falla frá. Lífeyrisgreiðslur lífeyrisjóða eru góður grunnur til að byggja á en þarfir og aðstæður einstaklinga eru mismunandi.

Þess vegna þarf hver og einn að yfirfara sín mál og gera ráðstafanir til að tryggja ásættanleg eftirlaun og áfallalífeyri. Íslenskar lífs- og örorkulífeyrir sýna að mikilvægt er að nýta tímann vel.

Grein þessi er skrifuð í samstarfi við Bjarna Guðmundsson tryggingastærðfræðing. Í myndunum eru notaðar íslenskar lífslíkur byggðar á reynslu árána 2004–2008 og íslenskar örorkulífeyrir frá árunum 1998–2002.



### Hvernig getur Almenni aðstoðað þig?

- Almenni lífeyrisjóðurinn býður sjóðfélögum að hitta ráðgjafa á **stöðufundi** um lífeyrisréttindi. Á stöðufundinum er farið yfir réttindin sjóðfélaga og bent á leiðir til að bæta við eftirlaunin og verjast áföllum vegna örorku eða fráfalls. Þú getur pantað stöðufund [hér](#).
- Á **sjóðfélagavef** Almenna lífeyrisjóðsins getur þú fylgst með inneign í séreignarsjóði og réttindum í samtryggingarsjóði.
- Á **sjóðfélagavefnum** hefur þú aðgang að Lyklinum sem er lífeyrisreiknivél með ráðgjöf. Þar getur þú skráð lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrisjóðum og fylgst þannig með hvernig gengur að safna upp eftirlaunum og ná markmiðum um tekjur í starfslok. Þar finnur þú einnig ráðleggingar um viðbótartryggingar.

Fræðslugreinar Almenna lífeyrisjóðsins eru skrifaðar með hliðsjón af upplýsingum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Sjóðurinn og starfsmenn hans bera ekki ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli efnis og upplýsinga sem birtist í greinunum. Lesendum er ráðlagt að kynna sér málin vel og fá ráðgjöf og upplýsingar frá fleiri en einum aðila áður en ákvarðanir eru teknar.